

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Bakkabraut 9-23. Svæði 8. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. desember 2022 breytingu á deiliskipulaginu Kársneshöfn fyrir lóðirnar nr. 9-23 við Bakkabraut.

Í breytingunni felst að 34 geymslurými sem ráðgerð voru innan íbúða ofanjarðar verða færð í kjallara neðanjarðar. Auk þess verður þar gert ráð fyrir 11 sérgeymslum. Byggingarmagn A-rýma eykst um 306 m² ofanjarðar og um 774 m² neðanjarðar. Heildarbyggingarmagn á lóðinni eykst um 1.080 m² og verður samtals um 21.730 m². Nýtingarhlutfall eykst úr 1,99 í 2,09.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 6. október 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. október 2023